

Velkomin á hjúkrunarheimili HSU



Upplýsingar fyrir heimilisfólk og aðstandendur

Kæri íbúi

Velkominn/velkomin/velkomið á hjúkrunarheimi HSU.

Mikil þáttaskil verða í lífi einstaklings þegar hann flytur á hjúkrunarheimili, bæði fyrir hann sjálfan og aðstandendur hans. Það getur tekið langan tíma að aðlagast þessum breytingum og heimilisfólk og aðstandendur þurfa gjarnan mikinn stuðning á þessum tímamótum. Það getur hjálpað að aðlagast þessum breytingum með því að viðhalda tengslum við sitt fyrra umhverfiens og kostur er.

Hjúkrun

Hjúkrunarfræðingur er alltaf til taks á hjúkrunarheimilunum. Á morgun- og kvöldvöktum er hjúkrunarfræðingur á vaktinni, á nóttunni er hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

Læknisþjónusta

Læknar eru starfandi á hjúkrunarheimilunum og koma í hús vikulega og eru alltaf í símasambandi við hjúkrunarfræðing utan þess.

Heimilisfólk eða aðstandendur þurfa að panta tíma fyrir aðra sérfræðiþjónustu lækna, halda utan um tímabókanir og fylgja þeim í þá tíma. Þetta er til dæmis tímar hjá tannlæknum, augnlæknum og þess háttar. Margir sérfræðingar starfa innan HSU og við reynum eftir fremsta megni að nýta þjónustuna í okkar nærumhverfi.

Sjúkraþjálfun og hreyfing

Sjúkraþjálfarar ásamt aðstoðarmönnum þeirra eru starfandi á hjúkrunarheimilunum. Sjúkraþjálfun fer fram eftir beiðni frá lækni en auk þess sinna aðstoðarmenn sjúkraþjálfara stólaleikfimi.

Félagsstarf

Tómstundafulltrúar eru starfandi á hjúkrunarheimilunum. Hlutverk þeirra er að stýra félagsstarfi innan heimilisins. Allar ábendingar varðandi þá sem hafa áhuga á að koma og skemmta heimilisfólki eða taka þátt í tómstundum með því eru vel þegnar og gott að setja sig í samband við vaktstjóra sem leiðbeinir með framhaldið.

Reynt er að halda afmæli heimilisfólks í heiðri með uppbroti sem höfðar hverjum og einum.

Öryggismál

Hjúkrunarheimilunum er læst að kvöld til morguns af öryggisástæðum en alltaf er hægt að komast inn með því að hafa samband við vaktstjóra.

Þeim tilmælum er vinsamlega beint til íbúa að huga að öryggi sínu með því að staðsetja þunga muni neðarlega í hillur þar sem hætta getur skapast af falli. Af sömu ástæðu er ráðlagt að staðsetja háa skápa og hillur fjarri rúmi.

Vinsamlegast kynntu þér brunavarnir hússins og viðbrögðum við bruna. Vegna eldhættu er ekki heimilt að vera með lifandi kertaljós á herbergjum.

Reykingar eru ekki heimilaðar innan hjúkrunarheimilanna

Fjármál íbúa

Ekki er borin ábyrgð á fjármunum íbúa né tjóni á einkamunum sem eru í herbergi íbúans. Mælt er með því að heimilisfólk sé ekki með mikla fjármuni á herberginu eða útvegi sér læsta hirslu.

Ekki er ætlast til þess að starfsfólk sjái um að versla fyrir heimilisfólk.

Æskilegt er að innan 3 mánaða frá innlögn sé ljóst hver annist fjármál íbúans ef hann getur það ekki sjálfur.

Við hvetjum heimilisfólk eindregið til að tryggja innbúið sitt, en flest tryggingarfélög bjóða upp á heimilistryggingu/innbústryggingu ef svo leiðinlega vill til að föt skemmist eða annað slíkt.

Kostnaður og gjöld

Þátttaka í dvalarkostnaði frá Tryggingastofnun er tekjutengd og hefst frá fyrstu mánaðarmótum eftir að einstaklingur flytur inn á hjúkrunarheimili. Upplýsingar um greiðsluþátttöku má finna á síðu Tryggingastofnunar.

[Þátttaka í dvalarkostnaði á dvalar- og hjúkrunarrýmum](#)

Heilbrigðisþjónusta	Innifalin í dvalargjaldi	Ekki innifalin í dvalargjaldi
Augnlæknaþjónusta, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Blóðgjöf, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Fótaaðgerðarfræðingur - þjónusta		x
Heyrnar- og talmeinaastöðin, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Hjúkrun metin og veitt á heimilinu	x	
Iðjubjálfun skv. mati iðjubjálfa	x	
Lyf ávísuð af lækni heimilisins	x	
Læknishjálp metin og veitt á heimilinu	x	
Rannsóknir ávísuð af lækni heimilisins	x	
Röntgengreiningar ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, án ávísunar af lækni heimilisins		x
Sérfræðilæknisþjónusta utan heimilis, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sjúkraþjálfun ávísuð af lækni heimilisins	x	
Sjúkraþjálfun skv. mati sjúkraþjálfara heimilisins	x	
Súrefni, ávísuð af lækni heimilisins	x	
Talmeinafræðingur - þjónusta ávísuð af lækni heimilisins	x	
Tannfræðingur - þjónusta		x
Tannlæknaþjónusta sjá reglugerð nr.451/2013 um þátttöku SÍ í greiðslum		x
Vítamín og fæðubótarefni án ávísunar læknis		x

Aðstaða

Hverju herbergi fylgir rúm, sæng, koddur og náttborð sem er í eigu hjúkrunarheimila HSU. Þá eru hirslur á baðherbergi. HSU sér um að útvega lín en fólki er velkomið að koma með sitt eigið.

Í miðrymi hvernar deildar er setustofa með sjónvarpi, sófum ásamt hægindastólum. Býtibúr er staðsett í sama rými, en allur heitur matur og kaffibrauð er sent frá eldhúsinu á HSU.

Mikilvægt er að heimilisfólk hafi hjá sér persónulega muni eins og húsgögn að heiman, fjölskyldumyndir, myndaalbúm og smáhluti sem eru þeim kærir, tengir þá við fyrri tíma og, um leið lífgar upp á umhverfið.

Af öryggis- og heilbrigðis ástæðum er ekki hægt að leyfa:

- Gólfmottur – vegna byltuhættu
- Jólarósir – vegna hættu á ofnæmisviðbrögðum
- Hyacintur - vegna hættu á ofnæmisviðbrögðum

Allt lín er útvegað af hjúkrunarheimilinu, einnig er hægt að fá venjulegt sjampó og húðkrem.

Húsverðir sjá um að hengja upp hirslur eða myndir á veggina, sem og festa upp sjónvarp heimilisfólks.

Máltíðir

Máltíðir eru framreiddar í borðstofu heimilanna. Það skapar heimilislegt andrúmsloft að íbúar borði saman í borðstofu og njóti þar einnig samveru við aðra íbúa, ættingja og vini. Ef þú kýst að snæða í eigin herbergi stendur það að sjálfsgöðu til boða. Heit máltíð er sjö daga vikunnar í hádeginu og tvö til þriðju kvöld í viku en léttari réttir hinar kvöldmáltíðirnar. Hafragrautur er í boði á morgnana, smurt brauð og ávexir.

Matmálstímar eru sem hér segir, aðeins breytilegt eftir hjúkrunarheimilum:

Morgunmatur er frá kl. 8:30 – 10

Hádegismatur er kl. 11:30

Kaffitími er kl. 14:30

Kvöldmatur er kl. 17:30

Kvöldhressing er kl. 19:30

Alltaf þó hægt að fá aukabita á milli máltíða ef þörf er á.

Heimsóknir

Heimsóknir ástvina eru dýrmætar og frjáls heimsóknartími er á hjúkrunarheimilum HSU, innan skynsemismarka. Veitum því tillit að þetta er heimili fólks, aðhlyning á sér stað frá kl. 8 – 11 á morgnana og kl. 20 - 22 á kvöldin.

Mikilvægt er að viðhalda heimsóknum og tengslum með svipuðu formi og áður en heimilismaður flytur inn. Aðstandendur eru hvattir til tilbreytingar í formi heimsókna, t.d. bjóða ástvinum sínum í bíltúr, gönguferð, heim í kaffi/mat, eftir getu hvers og eins.

Ættingjum er einnig velkomið að taka þátt í starfi heimilis t.d. aðstoð við aðhlyningu ástvinar, upplestri, hljóðfæraleik eða öðru. Hvetjið börn og unglinga endilega til að heimsækja ástvin sinn á heimilið og eiga gæðastundir með honum.

Hundar eru velkomnir á heimilið, en gæta verður þó ef ofnæmi eða hræðslu er að ræða – þá er ekki æskilegt að þeir fari á viðkomandi einingu. Inni á herbergjum mega hundar vera lausir en í alrými er ætlast til að þeir séu í taumi.

Lyf

Öll lyf eru útveguð af heimilinu. Við minnum á að heimilisfólk þarf að afpanta lyfjarúllu frá sínu lyfjafyrirtæki sem það er í skömmtun hjá, þegar það flytur inn á hjúkrunarheimilið.

Fatnaður

Þægilegur klæðnaður getur verið liprar buxur, peysur, bolir, skyrtur eða blússur. Góðir skór eru nauðsynlegir. Einnig getur verið gott að eiga mjúk ullarföt til að vera í innan undir á veturna ef einstaklingur er kulvís. Inniskór þurfa helst að vera með hælbandi, ekki töflur og mikilvægt að þeir séu ekki hálir. Allur fatnaður þarf að vera merktur viðkomandi heimilismanni til að hann glatist ekki.



Starfsfólk hjúkrunarheimilisins sér um þrif á öllum þvotti, því er mikilvægt að öll föt séu vel merkt, við mælum með að kaupa fatalímmiða, merktum heimilismanni, til að setja á fatnað heimilisfólk. Við erum með 10% afslátt hjá www.labelyourself.is af fatalímmiðum og straumerkjum, með kóðanum **moberg10**.

Aðstandendur sjá um að þvo allan viðkvæman þvott, því allur þvottur sem er þvegin á hjúkrunarheimilinu **þarf að þola vélarþvott og þurrkara**. Mikilvægt að passa sérstaklega upp á ullarfatnað. Komi heimilismaður með sæng, koddar, rúmteppi, teppi sem þurfa sérstaka meðhöndlun er öll hreinsun á hans ábyrgð.

Gleraugu og heyrnatæki

Heimilisfólk og/eða aðstandendur sjá um kaup á gleraugum og heyrnatækjum.

Hársnyrting og fótaaðgerðir

Hársnyrting og fótaaðgerðir eru í boði með reglubundnum hætti á heimilunum, þá þjónustu þarf að panta og hefur starfsfólk hjúkrunarheimila milligöngu um að bóka tíma en íbúar greiða sjálfir fyrir þessa þjónustu.

Leiðbeiningar við tengingu myndlykils

Til að ná inn sjónvarpinu þarf að :

- Sækja um tengingu fyrir viðkomandi heimilismann fyrir myndlykli.
- Sótt er um tengingu hjá þeirri veitu (Síminn, Vodafone o.s.frv.) sem viðkomandi óskar eftir
- Heimilisfang heimilisins.
- Þegar búið er að sækja um þetta kemur beiðni til TRS Raf og þeir setja sjónvarpstenginguna upp, íbúa að kostnaðarlausu.